

191
8. nóv.

AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af vörnum verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og hér segir:

Tollskrá:			Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Kafl.	Nr.				
39A	7a	Pípueinangrun úr plasti	1 kg	7	15
	9a	Mjólkurbrúsar úr plasti og aðrir brúsar úr plasti og lok á þá, stærri en 10 l.	—	7	2

Þá leggur ráðuneytið svo fyrir, að við tollmeðferð skuli eftirgreindar vörur tollflokkaðar eins og hér segir:

Tollskrá:			Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Kafl.	Nr.				
15	23a	Lanotex og önnur íburðarefni til veiðarfæra- gerðar			5
39A	1a	Bindilögur úr plasti til netagerðar			2
46B	5b	Spyrðubönd úr gerviefnum			5

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum. Pípueinangrun í 39A/7a og mjólkurbrúsarnir í 39A/9a skal undanþegið innflutningsgjaldi og íburðarefnin í 15/33a, bindilögurinn í 39A1/a og spyrðuböndin í 46B/5b skulu undanþegin innflutningssöluskatti.

Fjármálaráðuneytið, 8. nóvember 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

192
16. sept.

AUGLÝSING

um gildistöku námsskrár fyrir nemendur á fræðsluskylduatri.

Námsskrá, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, og 30. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á þessu skólaári, að því leyti sem við verður komið, en að fullu í upphafi skólaárs 1961—1962.

Menntamálaráðuneytið, 16. september 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius